



**Hér á þessum stað** munu þið geta sjóð mig daglega þetta ár. Eg mun hafa miklar og góðar nýjungar að segja ykkur. Jeg byrja í næstu viku. Takið eftir mér, þið munuð sjá mig aftur á morgun

### Frimarkesamler.

Bytning fra Island med Skandinavien, Tyskland, tysk Östrig, Östrig m. m. Bedre for Bedre. Efter Katalog. **Mærke?** Forretningsfører Th. Sørensen, Nansengade 86<sup>1</sup>, Kbhvn K.

### Silkeborg Husholdningsskole.

Silkeborg — Danmark.  
Skole og Hjem for unge Piger.  
Nyt 5 Maaneders Kursus begynder 4 Maj og 4 November.  
Program tilsendes.

Synnóne Lund.

**Hið isl. kvenfélag** heldur afmælisfagnað fimtugduginn 26. þ. m. á Skjaldbreið kl. 8<sup>1</sup>/<sub>2</sub> e. m. Aðgöngumiða sje vitjað ekki seinna en 25. þ. m. í verslun Guðm. Olsen.

Stjórnin.

### Afgreiðsla

Akureyrarblaðsins „Íslendingur“ er á Skólavörðustíg 18. Sími 539.

Daniel Olafsson.

Hreinar ljereftstuskur keyptar háu verði. Ísafoldarprentsmiðja h.f.

### Tilkynning.

Það tilkynnist hér með, að eg hefi selt skósmíðavinnustofu mína, hr. Guðmundi Norðfjörð og Guðjóni Þórðarsyni og þakka jeg öllum fyrir viðskiftin og vænti jeg þess að mínir viðskiftavinir sæki sama stað áfram.

Vinsamlegast  
**Þorl. Guðmundsson.**

Þar sem við undirritaðir höfum keypt skósmíðavinnustofu Þorláks Guðmundssonar, Laugaveg 17 a. munum við kappkosta að öll vinna verði fljótt og vel af hendi leyst.

Virðingarfylst  
**Guðm. Norðfjörð. Guðjón Þórðarson.**

## Uppboð.

Opinbert uppboð verður haldið á hafnarbakkannm, þriðjudaginn 24. þ. m. kl. 3 e. h., á upptækum afla og veiðarfærum úr þýska botnvörpunum Travenmünde frá Lübeck.

Byrjað verður á veiðarfærunum.

23. janúar 1922

Bæjarfógetinn í Reykjavík.

**Jóh. Jóhannesson.**

## Union Paper Co., Ltd., Aktieselskap, Kristiania.

16 sameinadar verksmiðjur. — Árleg framleiðsla 100,000 smál Stærstu pappírframleiðendur Norðurlanda. — **Umbúðapappír** frá þessu vel þekta firma ávalt fyrirleggjandi hjá einkaumbodsmönnum þess á Íslandi

**Sig. Sigurz & Co.** Reykjavík.

Símnefni: „Sigur“.

Talsími 825.

### Framvegis

verða lækningastofur mínar opnar alla virka daga frá kl. 10 f. h. til kl. 3 e. m., samfleytt.

Lærður kven-nuddlæknir aðstoðar.

Allskonar böð fyrir sjúklinga.

**Jón Kristjánsson, læknir.**

## G.s. Botnia

fer til **Ísafjarðar** miðvikudaginn 25. þ. m. kl. 11 árdegis-

Tekið á móti vörum í dag.

Farþegar sæki farseðla í dag.

**C. Zimsen.**

## I tilefni af kosningunum

verður almennur kvennafundur haldinn í Bárinni, miðvikudaginn 25. þ. m., kl. 8<sup>1</sup>/<sub>2</sub> e. h. **Konur! sýnið þann áhuga** að sækja þennan fund.

**Kosninganefnd Kvenfélagsins.**

## Skrifstofustarf.

Stúlka sem er vön öllum algengum skrifstofustörfum og kann ensku og dönsku og skrifar á ritvjel, getur fengið atvinnu nú þegar. Umsóknir ásamt meðmælum ef til eru, sendist á skrifstofu Morgunblaðsins fyrir 28. þ. m. merktar „Skrifstofustarf“.

### Dansæfingar í dansskóla

Lillu Eiríksdóttur og Páls Andrjessonar, sem áttu að vera á Miðvikudagskvöld **verða í kvöld.**

Barnadansæfing byrjar kl. 5, fullorðins kl. 9. Síðasta dansæfing í mánuðinum.

## Hamborg -- Island.

Gufuskip fermir seinast í mars eða fyrst í apríl þ. á. í Hamborg og Lübeck til Reykjavíkur, og ef til vill fleiri hafna á Íslandi.

**Odýr farmgjöld.**

**Bernh. Petersen.**

Símar 598 og 900.

## Best að auglýsa í Morgunbl.

— 406 —

hvorki las nje skrifaði, að hann varð einhvernvegin að eyða þeim.

Við og við hittu hann Lizzie, og það var auðsjeð að hún var óánægð með þá frægð, sem hann hafði hlotið. Það dýpkaði aðeins sprunguna á milli þeirra. Ef til vill var það af ótta við sprunguna að hún ljét að ráðum hans, og fór að ganga í verslunarskóla. Þinnig ljét hún sauma kjóla sína hjá saumakonu, sem heimtæði óguðlegt verð fyrir verk sín, en saumaði vel. Hún tók stakkaskiftum til hins betra dag frá degi, þangað til Martin fór að hugsa um, hvort hann hefði breytt rjett, því hann vissi, að hún gerði þetta alt vegna hans. En þó gaf hann henni enga von, kom fram við hana eins og hún væri systir hans, og sá hana mjög sjaldan.

Meðan talað var sem mest um hann, gaf fjelagið, sem keypt hafði „Á eftir“ bókinu út. Og vegna þess, að það var saga, seldist hún enn örara en hin bókin. Þeir lásu hana ekki að eins, sem sólgirnir voru í skáldsögur, heldur og hinir, sem lásu alt sem list var í.

Peningarnir streymdu inn til hans. Og frægðin hossaði honum. Hann kom eins og lýsandi stjarna á bókmentahimininn. En hann hafði meiri skemtum af þessu öllu en reglulegan áhuga. En á einu var hann hiasa. Blant dómari bauð honum til miðdegisverðar. Hann hafði móðgað dómarrann, svívirt hann miskunarlaust í orðum, en þó bauð hann honum til miðdegisverðar einn daginn, þegar þeir mættust á götunni. Martin hafði oft fundið dómarrann hjá Morse, en þá hafði hann aldrei boðið honum til miðdegisverðar. Hversvegna bauð hann honum ekki þá? Hann hafði

ekki breyst hið minsta, hann var sá sami Martin Eden. Hvað orsakaði þá þetta boð? Var það þá sú ástæða, að það sem hann hafði skrifað var komið út í bókarmformi? Það hafði hann alt saman skrifað áður!

Martin tók boðinu með hæðnisglotti, og var hissa á sjálfum sjer. Við miðdegisverðinn, þar sem við voru staddir fimm eða sex þeirra manna, sem sátu í háum embættum og allir með konur sínar. Lagði.dómarinn mjög að Martin að gerast meðlimur klúbbsins Styx, sem þótti sjerlega virðingaverður klúbbur, en Martin sagði nei, og varð hissa á nýjan leik.

Hann hafði nóg að gera um þetta leyti að sjá um útgáfuna á bókum sínum. Og nú fóru tímaritin að hanga á honum með beiðni um efni. Almennitur var komin á þá skoðun, að hann væri hinn ritfærasti maður og að óvenjulegur máttur væri í því sem hann skrifaði. Bókaútgefendurnir vissu það, og tilbáðu Martin að láta þá hafa handrit. Hann sendi þeim alt, sem hann hafði skrifað, og fekk stórfje fyrir hverja grein og bók.

Hann varð þeirri stundu fegnastur, þegar hann hafði sent öll handritin og fengið borgun fyrir. Grasþakti kofinn og skipið gat nú ekki verið neinn draumur framur.

XLIV. kapituli.

Herra Morse hittu Martin í anddyrinu á Metropole. Hvort hann hafði komið í einhverjum verslunarendum eða að eins til þess að bjóða honum til mið-

— 407 —

— 408 —

degisverðar — það gat Martin ekki fengið að vita, en en hann áleit, að hið síðara hefði verið erindið.

Martin reiddist þessu boði ekki, hann varð ekki einu sinni hvass í orðum og hann neitaði ekki boðinu heldur bar við tímaleysi og kvaðst mundi koma síðar og spurði svo eftir Ruth og móður hennar.

Honum hafði oft verið boðið til miðdegisverðar, og stundum fór hann. Hann fór að hugsa um þá breytingu, sem orðinn var. Áður hafði hann soltið, og þá hafði enginn boðið honum mat. Nú gat hann keypt miðdegisverði í þúsundatali, en þá komu menn og neyddu hann til að borða. Þetta var ekkert rjettlati, það var ekki að þakka neinum verðleikum frá hans hlíð. Hann var ekki öðruvísi nú en hann hafði verið.

Eitt var minsta kosti víst: Morsefjölskyldan hafði ekki hirt um hann vegna hans. Þess vegna gat hún ekki nú fremur en áður óskað þess að hafa hann í sínum húsum vegna starfs hans, heldur vegna frægðar þeirrar, sem hann hafði náð og nú átti hann líka um 100 þús. dollara. Það var sá mælikvarði, sem vanalega var lagður á menn. En hann ætlaði ekki að láta sjer lynda þann mælikvarða. Hann vildi, að hann væri veginn og mættinn eftir manngildi sínu, og stórfum, því þau voru skuggsjá þess, sem hann var sjálfur. Þannig leit líka Lizzie á hann.

Og svo var það Ruth. Hún hafði honum vegna hans sjálfs. En þó hafði hún metið meira mælikvarða hins svokallaða heldra fólks-